



Alþingi
Erindi nr. P 138/2527
komudagur 25.5.2010

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 20. maí 2009
Tilv.: 1002022

*Umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga
(innleiðing á tilskipun 2007/2/EB).*

*Umsögnina gerði Hjalti Jóhannesson sérfræðingur og aðstoðarforstöðumaður
Rannsóknastofnunar HA.*

Háskólinn á Akureyri er nú að gefa umsögn um frumvarpið í annað sinn. Ítrekað er að sú samræming sem stefnt er að í frumvarpinu af hinu góða enda eru landupplýsingar dreifðar víða og erfitt að finna oft á tíðum, einnig skortir á samræmingu gagna og svæðaskiptingu.

Fyrir hagsmunum Háskólans á Akureyri, og líklega aðra sem starfa á sama eða svipuðum vettvangi, er lögð áhersla á mikilvægi þess að aðgengi að þessum gögnum sé sem best fyrir þá sem stunda rannsóknir og kennslu. Æskilegt er að þegar leitað er eftir gögnum í þessum tilgangi sé það án endurgjalds. Það yrði til þess fallið að auka notkun landupplýsinga á þessum vettvangi sem er mikilvægt enda mætti almennt auka vægi landfræðilegar framsetningar gagna. Bent er á að í reglugerð má setja nánari ákvæði um gjaldtöku en mál tengd höfundarrétti og gjaldtöku fyrir birtingu dregur líklega úr notkun korta.

Eins og fram kemur í 3. gr. 3. tl. eru landupplýsingar gögn og upplýsingar sem eru tengd yfirborði jarðar, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer. Spyrja má hvort um of sé horft á landupplýsingar í frumvarpinu sem stafræn kort. Hér er rétt að benda á ýmsar tölulegar upplýsingar sem Hagstofa Íslands og fleiri safna og miðla s.s. um mannfjöldann og dreifingu hans, tekjur og vinnumarkað. Þrátt fyrir að tenging við stafræna kortagrunna sé ekki (enn) til staðar er hér svo sannarlega um landupplýsingar að ræða.

tengslum við svæðagreiningu landfræðilegra gagna á borð við þessar er mikilvægt að festa hana í sessi þannig að breytingar á mörkum s.s. sveitarfélögum eða kjördæmum hafi lágmarks áhrif á stöðugleika þessara gagna þannig að hægt sé að bera saman sömu svæði yfir langt tímabil. Í þessu sambandi er lögð mikil áhersla á að fyrir þær rannsóknir sem Háskólinn á Akureyri stundar á sviði byggðamála er landfræðilegur greinanleiki gagna innanlands mikilvægur til að unnt sé að bera saman þróun einstakra landsvæða. Gögn séu m.ö.o. ekki bara greind í höfuðborgarsvæði og landsbyggð eins og tilhneigingin hefur verið, heldur sé notuð finni landfræðileg greining.



Hægt er að sjá fyrir sér að á vettvangi samræmingarnefndar vegna landupplýsinga væri unnt að huga að þessum sjónarmiðum. Þrátt fyrir að nefndin sé sannarlega stór, níu manns, er fjarvera mikilvægra stofnana á sviði landupplýsinga eftirtektarverð. Má þar nefna Hagstofu Íslands, Bygðastofnun og Skipulagsstofnun.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor